



# Skólanámskrá Lágafellsskóla 2011-2012

## 1. bekkur


### Efnisyfirlit

Íslenska .....	2
Stærðfræði .....	4
Samfélagsgreinar.....	6
Samfélagsfræði .....	6
Náttúrufræði.....	8
Kristin fræði og trúarbragðafræði .....	9
Lífsleikni .....	10
Dans .....	11
Heimilisfræði .....	12
Hönnun og smíði.....	13
Myndmennt .....	14
Textíl .....	15
Skólaíþróttir .....	16
Skólasund.....	17

## Íslenska

### Kennslutími

Átta kennslustundir á viku þar af þrjár í lotum.



### Markmið

#### Lestur

##### Nemandi

- kynnist rími og hrynjanda, bókstöfum, orðum og málskilningi
- vinni verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi
- fái tækifæri til að efla lesskilning með því að vinna fjölbreytt verkefni við hæfi
- taki sérstakt lesskimunarpróf sem spáir fyrir um hvort hann geti átt í lestrar-erfiðleikum og fái viðeigandi lestrar- og málþjálfun í kjölfarið

#### Talað mál og frásögn

##### Nemandi

- fái tækifæri til að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- fari í leiki sem gera kröfur um munnlega tjáningu
- fái tækifæri til að segja frá eigin reynslu
- kynnist þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- fái tækifæri til að syngja algenga íslenska barnasöngva og taki þátt í fjöldasöng

#### Hlustun og áhorf

##### Nemandi

- fari í leiki sem gera kröfur um að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum
- hlusti á fyrirmæli kennara og fari eftir þeim
- fái tækifæri til að hlusta á upplestur á stuttum og lengri sögum eftir íslenska og erlenda höfunda
- hlusti á upplestur ljóða með sterkri hrynjandi

#### Ritun

##### Nemandi

- þekki skrifáttina
- þjálfist í fínhyringum með fjölbreyttum verkefnum
- þjálfist í að draga til stafs
- skrái sjálfur eða með aðstoð frásagnir um atburði úr eigin lífi

#### Bókmenntir

##### Nemandi

- kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum m.a. úr heimabyggð
- læri nokkrar einfaldar vísur og ljóð til söngs
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á

#### Málfræði

##### Nemandi

- læri að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setningar í tengslum við lestrar-nám
- fái tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt
- fái tækifæri til að leika sér með tungumálið t.d. með rími og orðaleikjum

## Námsgögn

Markviss málörvun, Það er leikur að læra og Listin að lesa og skrifa, lestrarbækur. Forskrift og ýmis fjölrítuð verkefni, vinnubækur útbúnar í skólanum og ýmsar handbækur af skólasafni.

## Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á eins fjölbreyttar kennsluaðferðir og kostur er og verða hér talin upp þau atriði kennsluaðferða sem koma að gagni við kennsluna: Innlögn, umræður, innlifun, verkefnavinna, einstaklings- og hópavinna, tilraunir og athuganir, rannsóknir, fyrirlestrar, sýnikennsla, bein kennsla, utanbókarnám, vettvangsferðir, efniskönnun, sýningar, tjáning, samræðuaðferðir, sköpun, spurnaraðferðir, raunveruleg viðfangsefni, námsleikir/spil, yfirferð námsefnis, fræðslumyndir, vinnubókarkennsla, þemanám, val, tölvur og upplýsingatækni og hugmyndavinna. Helstu leiðir til að mæta þörfum ólíkra nemenda eru að velja viðfangsefni sem

- hægt er að glíma við á mismunandi getustigum
- eru krefjandi án þess að ofbjóða
- allir nemendur bekkjarins geta fengist við út frá sínum forsendum.

## Námsmat

- Lagt er fyrir teikniverkefni Tove Krogh.
- Læsi, lesskimunarpróf Námsgagnastofnunar.
- Könnunarpróf í lestri.
- Málþroskaskimun.
- Lestrarkannanir Rannveigar Löve.
- Námsmat fer einnig fram í formi símats.


## Heimanám

Lesi heima á hverjum virkum degi eftir innlögn nokkurra stafa.

## Stærðfræði

### Kennslutími

Fimm kennslustundir á viku.



### Markmið

Stærðfræði sem tungumál

Nemandi

- safni gögnum í tengslum við skoðun á sjálfum sér og umhverfi og skrái í töflur og súlurit
- noti mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna
- noti hugtök stærðfræðinnar t.d. form, mynstur, fjöldahugtök, magnhugtök, samlagningu og frádrátt

Lausnir verkefna og þrauta

Nemandi

- þjálfist í þrautalausnavinnu t.d. þar sem beita þarf útreikningum
- búi til eigin þrautir með verkefnum sem tengjast skólastarfinu eða viðfangsefnum daglegs lífs

Röksamhengi og röksemdafærslur

Nemandi

- meti hvort fullyrðingar sem settar séu fram eru sannar
- temji sér að nota þekktar staðreyndir til að álykta út frá
- meti sannleiksgildi

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

Nemandi

- leysi verkefni sem varða daglegt líf hans
- skoði form í nánasta umhverfi sínu og greini hvernig ólík form eru notuð í mismunandi tilgangi
- ræði um tímatal t.d. tímaröð atburða, tímalengd milli atburða og dagatal

Tölur

Nemandi

- geti lesið og skrifað tölur, einföld töluleg gögn og stærðfræðilegan texta, nánar tiltekið
  - pari saman hluti úr umhverfinu, flokki í hópa og beri saman fjölda í hópunum
  - skoði tölur á talnalínu
  - vinni með talnaþulur, fingravísur og talnarunur eins og 2, 4, 6...
  - greinir á milli sléttar talna og odda talna

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

Nemandi

- leysi verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem þarf að leggja saman, draga frá
- þjálfist í að finna ólíkar leiðir við lausn verkefna og bera saman mismunandi leiðir að sömu lausn

Mynstur og algebra

Nemandi

- leiti að mynstrum í umhverfinu bæði innanhúss og utan

- endurtekur gefið mynstur með mismunandi gögnum t.d. kubbum, litum, orðum, hljóðum eða teikningum og geti séð hvað vantar inn í mynstur

### Rúmfræði

Nemandi

- þjálfist í byggingarvinnu með kubbum
- þekki og vinni með grunnformin (þríhyrningur, ferhyrningur, rétthyrningur, hringur)
- þjálfist í hugtökum sem tengjast staðsetningu s.s. fyrir framan, aftan, ofan, neðan, vinstri, hægri

### Tölfræði og líkindafræði

Nemandi

- noti áþreifanlega hluti til að gera súlurit
- taki þátt í umræðum um þær upplýsingar sem súluritin gefa (af hverju er mest, af hverju er minnst, hverju munar, hve mikið samtals?)
- ræði um hvort eitthvað er líklegt eða ólíklegt, hvort eitthvað gerist reglulega, stundum eða aldrei

### Námsgögn

Sproti 1, nemendabók, Sproti 1, æfingabók og Sproti 2a ásamt ýmsum vinnuheftum sem kennari hefur útbúið.

### Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á eins fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að efla sjálfstæði og frumkvæði nemenda við lausnir viðfangsefna. Sérstök áhersla verður lögð á hlutbundna vinnu og upplifun.

### Námsmat

Er í formi símats þar sem kennari fylgist með námsframvindu hjá hverjum og einum í kennslustundum og skráir hana hjá sér.

## Samfélagsgreinar

Samfélagsgreinar í 1. bekk saman standa af; samfélagsfræði og náttúrufræði. Kennt er fimm kennslustundir á viku.

### Samfélagsfræði



#### Markmið

##### Sjálfsmynd og félagslegt umhverfi

###### Nemandi

- skilji mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hópi
- skilji mikilvægi reglna í skólanum alveg eins og í umferðinni og í samskiptum fólks
- þjálfist í að hlýða reglum í leik og starfi í skólanum

##### Skóli og heimabyggð

###### Nemandi

- kynnist skólabyggingunni, skólalóðinni og nánasta umhverfi skólans undir leiðsögn kennara
- þekki öruggustu leiðina í og úr skóla og reglur sem gilda í umferðinni
- geri sér grein fyrir mikilvægi endurskinsmerkja
- þekki nokkur örnefni, kennileiti, sögustaði og sögupersónur í heimabyggð

##### Land og þjóð

###### Nemandi

- læri hver þjóðhátíðardagur Íslendinga er, að við eigum þjóðsöng og höfum forseta, Alþingi og ríkisstjórn, viti hvað forsetinn heitir og hvar hann býr
- og að aðrar þjóðir eiga líka þjóðhátíðardag, þjóðsöng og þjóðhöfðingja

##### Heimsbyggð

###### Nemandi

- kynnist því að til eru margar þjóðir, mörg tungumál og ólíkir siðir í heiminum
- viti að aðrar þjóðir eiga líka þjóðhátíðardag, þjóðsöng og þjóðhöfðingja

##### Tími

###### Nemandi

- þekki árstíðirnar, heiti vikudaga og mánaða og mun á degi, viku, mánuði, ári, áratug og öld
- læri að nota dagatal
- verði handgenginn algengum tímahugtökum eins og fyrir langalöngu, í gamla daga, einu sinni, fortíð, nútíð, framtíð

##### Rýni

###### Nemandi

- kanni aðstæður og fyrirbæri og skrái athuganir sínar í máli og/eða mynd

##### Innlifun og víðsýni

###### Nemandi

- fái að upplifa viðfangsefnið í gegnum ápreifanlega hluti
- kynnist því hvernig sagan er allt í kringum okkur og við erum hluti af henni

## Túlkun og tjáning

Nemandi

- æfist í að flytja mál sitt skýrt og skipulega í heyranda hljóði og hlusta á aðra
- fái tækifæri til að túlka viðfangsefnin með fjölbreyttum hætti

## Námsgögn

Vinnubækur útbúnaar í skólanum og ýmis gögn frá kennara.

## Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á umræður, hugtakakort, innlifun, tilraunir og athuganir, vettvangsferðir og efniskönnun. Unnið er í anda Hugsmíðihyggju þar sem leitast er við að byggja ofan á fyrri vitneskju.

## Námsmat

Námsmat er í formi símats.

## Náttúrufræði



### Markmið

Nemandi

- þekki og vinni með hugtökin hiti, kuldi, frost
- fylgist með breytingum á eiginleikum vatns og velti fyrir sér orsökum s.s. þegar pollar frjósa og snjór bráðnar
- geri sér grein fyrir fjölbreytni í nýtingu vatnsins á heimili og í umhverfinu og þekki hringrás þess
- skoði og fjalli um strandlengju með fjölbreytileika þess í huga
- fylgist með hlutum í daglegu umhverfi sem hreyfast hratt eða hægt
- ræði eðli og varanleika breytinga í náttúrunni sem eru vegna áhrifa vinda og vatns
- skoði og ræði um áhrif árstíðabreytinga í íslenskri náttúru á nánasta umhverfi og hitastig lofta og vatns
- fjalli um veðurfar út frá eigin upplifunum og hugmyndum, veðurkortum og veðurspám sem birtast í sjónvarpi, blöðum og á veraldarvefnum
- þekki algengustu húsdýrin á Íslandi
- þjálfist í að beita heitum og hugtökum yfir sjáanlega líkamshluta
- ræði um hollustu matar m.a. með tilliti til tannverndar
- ræði hvað verður um matinn sem við borðum
- vinni með ljós og skugga

### Námsgögn

Vinnubækur útbúnaar í skólanum og ýmis gögn frá kennara.

### Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á umræður, hugtakakort, innlifun, tilraunir og athuganir, vettvangsferðir og efniskönnun. Unnið er í anda Hugsmíðihyggju þar sem leitast er við að byggja ofan á fyrri vitneskju.

### Námsmat

Námsmat er í formi símats.

## Kristin fræði og trúarbragðafræði

### Kennslutími

Nemendur fara í lotu einu sinni í viku, í þessari lotu rúmast bæði trúarbragðafræði og lífsleikni.



### Markmið

Nemandi

- kynnist hugtakinu trú og hvað trúarbrögð geta haft mikil áhrif á líf manna
- að nemendur geri sér grein fyrir að í heiminum eru nokkur trúarbrögð og menn hafi rétt til að stunda sín trúarbrögð
- nemendur þekki rit kristinna manna, þ.e. Biblíuna, fá að skoða hana og lesa nokkrar valdar sögur úr Barnabíblíunni
- nemendur kynnist nokkrum táknum kristinnar trúar og merkingu þeirra
- nemendur átti sig á guðdómi kristinnar trúar, þ.e. þrenningunni, faðir, sonur, heilagur andi
- þekki atburði jólaguðspjalls Lúkasar, læri einfalda jólasálma og kynnist íslenskum jólasíðum
- heimsæki kirkju og skoði helstu kirkjumuni og þekki heiti þeirra
- þekki tilefni páska, þ.e. kynnist frásögum af dauða og uppreisni Jesú
- fáist við siðræn viðfangsefni sem tengjast vináttu og samskiptum og merkingu orðanna rétt og rangt og fyrirgefning

### Námsgögn

Biblían, Barnabíblía, flettisögubækur, fjölrítuð verkefni unnin af kennara, ljósritaðar vinnubækur útbúnar í skólanum.

### Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir svo sem beina kennslu, vinnublaðakennsla, spurnaraðferðir, samræðuaðferðir, utanbókarnám, hópverkefni, einstaklingsverkefni, verklegar æfingar sem reyna á sköpun og tjáningu.

### Námsmat

Námsmat er í formi símats.

## Lífsleikni

### Kennslutími

Nemendur fara í lotu einu sinni í viku, í þessari lotu rúmast bæði trúarbragðafræði og lífsleikni.



### Markmið

#### Námsþáttur 1 - Tilfinningar

- að gera börnin færari um að þekkja neikvæðar tilfinningar og finna góðar leiðir til þess að takast á við slíkar tilfinningar

#### Námsþáttur 2 - Tjáning og boðskipti

- að börnin öðlist leikni í að tjá tilfinningar sínar og að þau verði færari um að greina á milli þeirra tjáningarleiða sem duga vel og hinna sem duga illa

#### Námsþáttur 3 - Að mynda vináttutengsl og slíta þeim

- að stuðla að aukinni hæfni barna til að mynda vináttutengsl og að ráða við höfnun og einmanaleik

#### Námsþáttur 4 - Að leysa ágreiningsmál

- að bæta hæfni barna við að leysa ágreiningsmál

#### Námsþáttur 5 - Að takast á við breytingar og missi

- að auka skilning barnanna á því að í daglegu lífi getum við búist við breytingum og orðið fyrir því að missa eitthvað eða einhvern sem er okkur kær

#### Námsþáttur 6 - Við spjörum okkur

- að efla færni barnanna til þess að nota margvíslegar leiðir til þess að ráða fram úr ýmsum vandamálum sem þau standa frammi fyrir

### Námsgögn

Námsefnið Vinir Zippýs, nánar um námsefnið má finna á [vinirzippys.is](http://vinirzippys.is)

### Kennsluhættir

Hlustun, umræður eftir hvern sögubút, hlutverkaleikir, leikræn tjáning, samræðuaðferðir og leikir.

### Námsmat

Vinna og virkni nemenda.

## Dans

### Kennslutími

Ein kennslustund á viku allan veturinn.



### Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist félagslegt öryggi til þess að tjá sig í hreyfingu
- efli líkamsvitund sína og sjálfstraust til að hreyfa sig við tónlist
- þekki og öðlist færni á grunnhreyfingum líkamans, grunnhoppum og sporum

### Markmið

Að nemendur

- temji sér ákveðnar umgengnisreglur í sal
- geti farið eftir einföldum fyrirmælum í hreyfingu
- öðlist tilfinningu fyrir ýmsum líkamshlutum og efli líkamsvitund sína
- gefi ímyndunaraflinu lausan tauminn í hreyfingu
- taki þátt í hópeflis-og hreyfileikjum
- verði meðvitaðir um rétta líkamsstöðu og kynnist mismunandi stöðu líkamans
- framkvæmi mismunandi grunnhreyfingar
- fái tilfinningu fyrir grunnhoppum og sporum og kynnist mismunandi átaki hreyfinga
- skynji rýmið og geti framkvæmt í því mismunandi hreyfingar
- þekki og skynji einföld hreyfimyndur s.s. hringur, röð, lína
- samhæfi hreyfingar sínar við tónlist

### Kennsluaðferðir

Verkleg kennsla, einstaklings-, para- og hópvinna.

### Námsþættir

Hreyfisöngvar, hreyfileikir, hreyfing við tónlist, líkamsæfingar, samsetning hreyfinga, dansar ýmissa dansgreina og slökun.

### Námsmat

Leiðsagnarmat framkvæmt í nóvember, febrúar og júní.

## Heimilisfræði

### Kennslutími

Tvær kennslustundir, tvisvar í viku, í níu vikur.



### Markmið

Að nemendur

- taki þátt í verklegri vinnu
- læri að fara eftir myndrænum og einföldum skriflegum uppskriftum
- fái þjálfun í að ganga frá eftir sig
- temji sér að nota lítið af efnum sem spilla umhverfi
- fái þjálfun í að ganga vel um
- geri sér grein fyrir því hvers vegna og hvenær hendur eru þvegnar
- læri hvað er persónulegt hreinlæti
- fái þjálfun í að þvo og hreinsa áhöld
- læri hvers vegna fæðutegundum er raðað í fæðuhring
- geti gert samanburð á hollum og óhollum fæðutegundum fyrir tennurnar
- læri að sífellt nart skemmir tennur
- geri sér grein fyrir því hvers vegna góð tannhirða er mikilvæg
- læri að útbúa einfalda rétti

### Námsgögn

Heimilisfræði fyrir byrjendur, verkefnablöð og kennslumyndbönd.

### Kennsluhættir

Kennsla er að mestu leyti verkleg en bókleg eftir því sem við á hverju sinni.

### Námsmat

Umsögn gefin tvisvar á skólaárinu þar sem metin eru vinnusemi, vinnubrögð og hegðun.

## Hönnun og smíði

### Kennslutími

Tvær kennslustundir, tvisvar í viku, í níu vikur.



### Markmið

Að nemendur

- þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar
- fræðist um mismunandi aðferðir við að ná settu marki
- hafi náð valdi á að beita einföldum verkfærum í smíðastofunni á réttan hátt.

### Námsgögn

Verkefni frá kennara og fagrit.

### Kennsluhættir

Munnleg fyrirmæli frá kennara yfir allan hópinn og fylgt eftir með einstaklingskennslu. Áhersla lögð á starfsgleði, vinnusemi og sköpun.

### Námsmat

Umsögn gefin tvisvar á skólaárinu þar sem metin eru vinnusemi, vinnubrögð og hegðun.

## Myndmennt

### Kennslutími

Tvær kennslustundir, tvisvar í viku, í níu vikur.



### Markmið

Nemandi

- vinni myndræna frásögn úr nánasta umhverfi, upplifunum og ímyndunum með því að nota á fjölbreytilegan hátt viðeigandi efni, verkfæri og tækni
- þekki hugtakið grunnform og geti beitt þeim í myndgerð
- þekki frumlitina og geri einfaldar litablöndur
- þekki og vinni með mismunandi myndgerðir m.t.t. tækni t.d. málverk, teikningu, þrykk o.fl.
- þekki hugtakið myndbygging og viti hvað er nálægð og fjarlægð
- skilji mikilvægi þess að ganga frá verkefnum, efnum og áhöldum
- þekki mismunandi myndir í umhverfi sínu, hlutverk þeirra og gerð; t.d. skýringarmyndir, auglýsingar, myndskreytingar o.fl.
- lýsi myndverki og skoðun sinni á því
- geri sér grein fyrir verðmæti þeirra efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni

### Námsgögn

Ýmis verkefni frá kennara og efni af vef.

### Kennsluhættir

Innlögn, þar sem kennari útskýrir fyrir hópnum verkefni dagsins, einstaklingskennsla, umræður og hópvinna. Áhersla lögð á starfsgleði, vinnusemi og sköpun.

### Námsmat

Umsögn gefin tvisvar á skólaárinu þar sem metin eru vinnusemi, vinnubrögð og hegðun.

## Textíl

### Kennslutími

Tvær kennslustundir, tvisvar í viku, í níu vikur.



### Markmið

Nemandi

- þjálfist í að klippa
- þjálfist í að nota flatt form
- öðlist færni í að klippa út form
- þræði grófa nál
- saumi þræðispor
- saumi nokkur einföld útsaumsspor
- læri að ganga frá enda
- þjálfist í auðveldum vefnaði
- þjálfist í að sauma saman tvö stykki með þræðispori
- geri tilraunir með fingraprjón
- fái innsýn í hvernig textílverk verður til á einfaldan hátt
- geri sér grein fyrir textílvinnuferli, hvernig lítil hugmynd verður að fullunnum hlut
- þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar

### Námsgögn

Ýmsar handverksbækur og verkefni frá kennara.

### Kennsluhættir

Einstaklingskennsla þar sem nemendur hafa val um ákveðin verkefni. Áhersla er lögð á virkni, umgengni, samvinnu og framkomu í kennslustofunni.

### Námsmat

Umsögn gefin tvisvar á skólaárinu þar sem metin eru vinnusemi, vinnubrögð og hegðun.

## Skólaíþróttir

### Kennslutími

Tvær kennslustundir í viku.



### Markmið

Meginmarkmið með íþróttum og hreyfinámi í yngri bekkjum grunnskóla er fyrst og fremst að skapa áhuga fyrir íþróttum og hollri hreyfingu almennt, auka félagslegan þroska og hreyfifærni nemenda og kenna þeim að taka tillit til annarra í leik og starfi. Auk þessa er lögð áhersla á að auka færni, þrek og þol nemenda ýmist með æfingum eða leikjum. Einnig er kennt um gildi hollra lífshátta s.s. mataræðis, svefnnvenja, hreinlætis, hreyfingar o.fl. Enn fremur skal stefnt að því að auka skilning og hæfni nemenda á að fara eftir reglum og fyrirmælum.

### Námsgögn

Aðalnámskrá grunnskóla, íþróttir, líkams- og heilsurækt 2007.

### Kennsluaðferðir

Íþróttirnar skiptast í grófum dráttum niður í u.þ.b. 50% smáleiki á mótí öðrum íþróttagreinum s.s. bolta og fimleikaæfingum. Aðallega er um verklega kennslu í sal að ræða eða úti þegar það á við. Kennari kemur með innlögn í upphafi tíma, útskýrir verkefni og gengur síðan á milli og leiðbeinir og hvetur.

### Námsmat

Notuð eru stöðluð próf sem hæfa þessum aldurshópi. Gefið er fyrir með umsögnum. Niðurstöðum MOT 4 – 6 hreyfiþroskaprófinu er komið á framfæri við foreldra barnanna og þau hvött til aðgerða sé þess þörf.

Í 1. bekk er prófað í eftirfarandi æfingum og niðurstöður hafðar til hliðsjónar við mat á færni nemenda:

- sippa (10 sinnum í röð)
- handstöðu við vegg (standa á höndum upp við vegg eða hafa hendur í gólfi og þríla með fótum upp rimla þannig að handstöðu sé náð)
- höfuðstöðu (farið í krabbastöðu sem er undanfari höfuðstöðu)
- kaðlaklifur (klifrað upp í ákveðna hæð)
- kasta og grípa (geta gripið og kastað bolta)
- knattrak (geta rakið körfubolta milli keilna)

Gefnar eru eftirfarandi umsagnir fyrir virkni, hegðun og færni í tímum:

Vinnur mjög vel	Vinnur vel	Vinnur sæmilega	Nýtir tímann ekki vel.
Hegðun mjög góð	Hegðun góð	Hegðun sæmleg	Hegðun ábótavant.
Færni mjög góð	Færni góð	Þarfnast almennar hreyfipjálfunar.	

Brýnt er að foreldrar/forráðamenn barna sendi smá orðsendingu á miða til íþróttakennara ef lasleiki eða annað hrjáir barnið og það er óskað eftir að það sleppi þátttöku í íþróttatímanum. Ef veikindi eru langvinn og leita þarf til læknis vinsamlega biðjið þá um vottorð.

## Skólasund

### Kennslutími

Ein kennslustund á viku.



### Markmið

Nemandinn nái að aðlagast vatninu og sé óhræddur við að fara með höfuð í kaf og opna augun án sundgleraugna. Einnig að það læri grunnhreyfingar bringusunds- fótataks og geti fleytt sér áfram með bringusundsfótatöki með kúti og kork.

Nemandinn efli styrk og þol með æfingum þar sem vatnið veitir mótstöðu gegn hreyfingunum.

Efla nemandann sem félagsveru, kenna honum að taka tillit til félaga sinna, vera sveigjanlegur í samskiptum og virða einstaklinginn.

Stefna að því að auka skilning og hæfni nemenda á að fara eftir reglum og fyrirmælum.

Að auka þekkingu og skilning nemenda á umhirðu líkamans fyrir og eftir sundiðkun.

Kynning á öllum helstu hugtökum sem notuð eru í byrjendakennslu í sundi.

Nemendur læri að umgangast sundstað á öruggan hátt.

### Námsgögn

Stuðst er við eftirfarandi bækur: Skólasund (Kennarahandbók), Námsgagnamappa í skólasundi fyrir 1. – 10. bekk og Aðalnámskrá Grunnskóla, íþróttir, líkams- og heilsurækt 2007.

### Kennsluaðferðir

Í 1. bekk er megináhersla lögð á aðlögun barna að vatninu með leikrænum æfingum. Til hliðsjónar er haft að börnin fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Ýmsar æfingar sem efla líkamspól, kraft, hraða og viðbragð.

### Námsmat

1. sundstig

- öndunaræfingar, inn- og útöndun 10 sinnum
- flotæfing á bringu og baki, með eða án hjálpartækja
- bringusundsfótatök við bakka, með eða án hjálpartækja
- skriðsundsfótatök við bakka, með eða án hjálpartækja
- ganga með andlit í kafi s.s. 2 – 2,5 m og lengra

Gefið er fyrir með umsögninni: 1. sundstigi lokið / 1. sundstigi ólokið.